

Tjöruhreinsir HD

Öryggisblað(MSDS)

Skv. Reglugerð nr. 830/2015 (ESB) og 888/215 (REACH)

Útgáfa 3, 1.1.2020



1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

Heiti vöru: Tjöru- og Olíuhreinsir HD
Vörunúmer: FF 804
Notkunarsvið: Tjöru- og olíuhreinsir fyrir ökutæki, vinnuvélar, vélarhluta o.fl.
Framleiðandi: Wilhelmsen Chemicals AS
Heimilisfang: P.Box. 15, N-3141 Kjøpmannskjær, Norway
Söluaðli: Ecomar ehf, Selhelli 11, 221 Hafnarfirði, sími: 522-7000

Neyðarlinan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími: 112
Eiturefnaðiöstöð Landspítala – Háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími: 543-2222

2. Hættugreining

Áhættugreining:

- Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprungri húð (EUH 066)
- Veldur alvarlegri autneringu (H319)
- Skaðar líffæri við langvarandi eða síendurtekn váhrif (H372)
- Skaðlegt lífi í vatni með langvinnum áhrifum (H412)

Öryggisgreining

- Ef leita þarf lækni skal hafa umbúðir eða umbúðamerkingar tilbúnar (P101)
- Geymist þar sem börn ná ekki til (P102)
- Andið ekki að ykkur ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi (P260)
- Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífur/andlitshlífur (P280)
- **Berist efnið í augu:** Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt, skolið áfram (P305 + P351 + P338)
- **Eftir Inntöku:** Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni (P301 + P310) Ekki framkalla uppköst (P331)

Meðhöndlun, geymsla og förgun

- Geymist á köldum og vel loftræstum stað í gætið þess að umbúðir séu lokaðar
- Farga skal umbúðum og efninu samkvæmt gildandi lögum og endurvinnu ef hægt er
- EU förgunarstaðall: 07.01 – Reglur um meðferð og floikkun úrgangs 1040/2016



Hætta

3. Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

Innihaldsefni	Styrkur %	CAS-nr.	EC Númer	H-setn.*
Hydrocarboner, C10-C13 n-alkaner, isoalkaner, sykliske, aromater (2-25%)	60 – 100		916-164-8	H304
Fettalkoholetoksylater	1 – 3	160875-66-1		H372,412 H302,318

* Sjá lið 16

Tjöruhreinsir HD

Öryggisblað(MSDS)

Skv. Reglugerð nr. 830/2015 (ESB) og 888/215 (REACH)

Útgáfa 3, 1.1.2020



ECOMAR

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

Almennt: Ef grunur leikur á heilsutjóni sem rekja má til efnisins, leitið þá lækni og tryggið aðstæður og hlúið að hinum slasaða og komið honum í ferkst loft.. Hafið öryggisblaðið við hendina þegar lækni ber að garði.

Snerting við húð: Þvoið strax með sáog fjarlægið allan fatnað sem hefur komist í snertingu við efnið og þvoið síðan með vatni og sápu. Leitið lækni verði erting viðvarandi.

Snerting við augu: Skolið strax með vatni í að minnsta kosti 15 mínútur og hafið augað opið. Farlægið linsur ef þær eru til staðar og mögulegt er. Leitið lækni ef erting er viðvarandi.

Við inntöku: Skolið strax munn með miklu vatni og tryggið síðan ferskt loft að öndunarfærum. Framkallið ekki uppköst og flytjið slasaða strax á sjúkrahús.

Við innöndun: Tryggið ferskt loft og skolið nef og munn með vatni, leitið lækni ef einkennin verða viðvarandi.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

Efnið er ekki eldfimt en getur brunnið með öðrum eldfimum efnum. Fjarlægið umbúðir og eldfim efni af hættusvæðinu og notið slökkviefni eftir aðstæðum og gætið þess að reykur frá eldi er ertandi og notið því viðeigandi hlífðarfatnað og grímur. Kallið á slökkvilið eins fljótt og auðið er ef ekki verður komist fyrir eldinn í fæðingu. Slökkviefni getur verið vatn, CO2, froða eða duft.-

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

Berist efnið í miklu magni út í umhverfið skal gera viðeigandi ráðstafanir til að takmarka tjónið og tilkynna slysið til viðeigandi yfirvalda, svo sem lögreglu, slökkviliði og heilbrigðiseftirliti.

Tryggið góða loftræsinguna og notið viðeigandi hlífðarfatnað, sjá lið 8.

Þar sem efnið hefur veldur ekki umhverfisáhrifum eru engin sérstök viðbrögð nauðsynleg til að verja umhverfið en góð regla er að hindra að efnið leki í niðurföll og eða vatnsból, hreinsið síðan upp það efni sem hægt er að komast að með óbrennalegum ísogsefnum, s.s sandi, sagi eða þartilgerðum uppsogsefnum. Safnið efninu og uppsogsefnum saman í merkt ílat og komið í förgun, sjá lið 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

Notið viðeigandi hlífðarfatnað, sjá lið 8 og forðist snertingu við húð og augu og tryggið að augnskol sé til staðar. Geymið á köldum vel loftræstum stað og þar sem börn ná ekki til og haldið fjarri hitagjöfum og opnum eldi. Verjið efnið fyrir frosti og geymið og gangið um eins og um eldfiman vökva væri að ræða.

Tjöruhreinsir HD

Öryggisblað(MSDS)

Skv. Reglugerð nr. 830/2015 (ESB) og 888/215 (REACH)

Útgáfa 3, 1.1.2020



8. Váhrifavarnir/persónuhlífar

- Hydrocarboner, C10-C13, 275 mg/m³
n-alkaner, isoalkaner, aromater (2-25%)

Tryggið góða lofræstingu sérstakleg ef efnið er notað í úðaformi og skal þá gæta þess að vera með grímur og huga sérstaklega að loftræstingu. Notið viðeigandi hlífðarfatnað, gleraugu og hanska (Nitrile).



9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Form:	Vökvi
Litur:	ljósgulur
Lykt:	Einkennandi kolefnislykt
Suðumark:	150 – 230 °C , 760 mm/Hg
Eðlisþyngd:	0,8 g/cm ³ .
Blossamark:	> 61°C
Sjálfskveikjuhitastig	> 200°C
Sprengimörk	0,6 – 7%
Uppleysanlegt í vatni:	Já og með white spritt.

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður og ekki neinar hættur þektar við eðlilega notkun. Haldið frá heitum yfirborðum og opnum eldi.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Bráð eituráhrif:	LD50 Rotta Inntaka	300-2000 mg/kg (Fatty alcohol ethoxylate)
	LD50 Rotta Inntaka	>5000 mg/kg (Hydrocarbones)

Við innöndun: Getur valdið ertingu við innöndun, höfuðverk og ógleði

Snerting við húð: Við tíða og langvarandi snertingu getur efnið valdið ertingu og þurri húð og í vestu tilfellingum valdið húðbólgu.

Snerting við augu: Efnið ertir augu og getur valdið roða, bólgu og tármyndum og getur valdið varanlegum augnskaða ef það berst í auga í miklu magni.

Inntaka: Getur valdið lugnaskaða við inntöku (R65)

Engin merki eða rannsóknir sem sýna fram á að efnið sé krabbameinsvaldandi.

Tjöruhreinsir HD

Öryggisblað(MSDS)

Skv. Reglugerð nr. 830/2015 (ESB) og 888/215 (REACH)

Útgáfa 3, 1.1.2020



12. Vistfræðilegar upplýsingar

Eituráhrif:	LC50	10-100 mg/l	96 klst	(Fatty alcohol ethozylate)
	LC50	10-100 mg/l	96 klst	(Hydrocarbones)
	Niðurbrot. 28 dagar	> 60%		(Fatty alcohol ethozylate)
	Niðurbrot. 28 dagar	> 60%		(Hydrocarbones)

Efnið er ekki eða inniheldur ekki PBT- eða vPvB-efni

13. Förgun

Farga skal umbúðum og efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum og endurvinnna ef hægt er.

EU förgunarstaðall: 07.01.04

Reglur um meðferð og flokkun úrgangs: Reglugerð 1040/2016

14. Upplýsingar um flutninga

Efnið flokkast ekki sem hættulegur varningur samkvæmt alþjóðlegum samþykktum

15. Upplýsingar varðandi regluverk

Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 með síðari breytingum og upplýsingum frá framleiðanda. Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir (REACH).

Öryggisblað þetta er unnið í samræmi við grein 31 í kafla II í REACH og reglugerð 453/2010/EU.

16. Aðrar upplýsingar

Texti hættusetningar sem fram kom í lið 3:

EUH 066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprungri húð
H302	Hættulegt við inntöku
H304	Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H372	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin áhrif
H412	Skaðlegt lífi í vatni með langvinnnum áhrifum

Skráð váhrif fyrir H372, H319, H304, H412, EUH 066
Asp. Tox 1 Eye irrit. 2 STOT RE 1 Aquatic Chronic 3

Upplýsingar í öryggisblaði þessu eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi á þeim tíma þegar útgáfa þessi var gerð en fela ekki í sér ábyrgð á efniseiginleikum einstakra innihaldsefna. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda og ber honum að gera viðeigandi öryggisráðstafanir í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.